



Lúxemborg, 10. desember 2014

## FRÉTTATILKYNNING 18/2014

Dómur í máli E-18/14 *Wow air ehf.* gegn *Samkeppniseftirlitinu, Isavia ohf. og Icelandair ehf.*

### ÚTHLUTUN AFGREIÐSLUTÍMA Á FLUGVÖLLUM INNAN EES-SVÆÐISINS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag svaraði EFTA-dómstóllinn í flýtimeðferð spurningum sem Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði til hans varðandi túlkun á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 95/93 frá 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.

Wow air og Icelandair eru flugfélög sem stunda áætlunarflug til og frá Íslandi. Isavia er opinbert hlutafélag sem rekur Keflavíkurflugvöll, en flugvöllurinn er með skammtaða afgreiðslutíma í samræmi við fyrrnefnda reglugerð.

Í kjölfar kvörtunar frá Wow air ákvað Samkeppniseftirlitið í nóvember 2013 að fyrirkomulag við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli hefði skaðleg áhrif á samkeppni og beindi þeim fyrirmælum til Isavia að Wow air yrðu veittir tilteknir afgreiðslutímar fyrir sumaráætlun 2014. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála felldi þá ákvörðun úr gildi í febrúar 2014. Taldi áfrýjunarnefndin að ákvörðuninni hefði ekki átt að beina að Isavia þar sem samræmingarstjóri flugvallar bæri einn ábyrgð á úthlutun afgreiðslutíma.

Wow air fór fram á ógildingu ákvörðunar áfrýjunarnefndarinnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Héraðsdómur sendi dómstólnum í kjölfarið beiðni um ráðgefandi álit um stöðu samræmingarstjóra og hvort opinberir aðilar mættu hafa afskipti af úthlutun afgreiðslutíma á grundvelli samkeppnissjónarmiða.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að í reglugerðinni væri sú krafa gerð til EES-ríkja að þau skipuðu hæfan samræmingarstjóra sem væri óháður öllum hagsmunaaðilum, bæði að lögum og í reynd. Svo framarlega sem þessum kröfum væri fullnægt væri það á forræði EES-ríkisins að ákveða hver staða samræmingastjórans væri í landsrétti.

Dómstóllinn taldi jafnframt að kvörtunarferlið sem mælt væri fyrir um í reglugerðinni væri hvorki ófrávíkjanlegt né því lýst með tæmandi hætti. Í reglugerðinni er kveðið sérstaklega á um að ákvæðið sjálft sé með fyrirvara um málskot samkvæmt landslögum og einnig að reglugerðin skuli ekki hafa áhrif á heimildir opinberra yfirvalda til að krefjast þess að afgreiðslutímar séu færðir á milli flugrekenda og til að stjórna hvernig þeim er úthlutað í samræmi við innlend samkeppnislög eða samkeppnisreglur EES-réttar. Af þeim sökum mætti beina kvörtunum á grundvelli samkeppnissjónarmiða beint til innlendra samkeppnisyfirvalda.

Hins vegar taldi EFTA-dómstóllinn að markmið reglugerðarinnar gæfi til kynna að hvers kyns íhlutun opinberra yfirvalda í úthlutun afgreiðslutíma milli flugfélaga yrði að vera studd ákvörðun þar sem bent væri á tiltekin áhyggjuefni á grundvelli samkeppnishamla, misnotkunar á markaðsráðandi stöðu eða reglna um samruna fyrirtækja.

Að lokum áleit EFTA-dómstóllinn að fyrirmælum um úthlutun afgreiðslutíma ætti að beina til flugrekenda en ekki samræmingastjóra eða framkvæmdastjórnar flugvallar. Benti dómstóllinn á að ólíkt því sem við ætti um upphaflega úthlutun afgreiðslutíma, sem samræmingastjórinn bæri einn ábyrgð á, útilokaði reglugerðin ekki að afgreiðslutímar væru færðir eftir á. Þar af leiðandi væri yfirvöldum EES-ríkis heimilt að beina fyrirmælum til þeirra fyrirtækja sem hlut ættu að máli, ef slíkt úrræði teldist nauðsynlegt samkvæmt samkeppnisreglum landsréttar eða EES-samningsins.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int)

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.